

Nr. 017 / 10 Valþór NS 123***Fær í skrúfunu og dreginn til hafnar***

Skipaskr.nr. 1081
Smíðaður: Seiðisfirði 1969 stál
Stærð: 60,8brl. 54 bt.
Mesta lengd: 23,17 m Skráð lengd: 21 m
Breidd: 4,8 m Dýpt: 2,45 m
Vél: Scania 232 kW 1985
Fjöldi skipverja: 5



Valbór ©Hafbór Hreiðarsson

Gögn:
Gögn RNS

Málið afgreitt á fundi 14. apríl 2010 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 12. febrúar 2010 var Valþór NS 123 á siglingu á miðin frá Raufarhöfn. Veður: Hægviðri og kvika.

Þegar skipið var statt vestur af Rifstanga fékk það drauganet í skrúfunu og aðalvél stöðvaðist. Skipstjóri óskaði eftir aðstoð og björgunarskipið Gunnbjörn dró Valþór NS til Raufarhafnar. Engar skemmdir urðu á skipinu við þetta.

Við rannsókn kom fram:

- að skipið var á 9 hnúta ferð;
- að um var að ræða nýlegt undirbyrði úr trolli sem fór í skrúfunu.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.